



UST

**Umhverfisstofnun**

Environment and Food Agency of Iceland

Suðurlandsbraut 24  
IS - 108 Reykjavík, Ísland

☎ (+354) 591 2000

Fax (+354) 591 2010

umhverfisstofnun@ust.is

www.umhverfisstofnun.is

Reykjavík, 10. mars 2008

Tilvísun: UST20080200143/tb


Alþingi - Umhverfisnefnd  
Austurstræti 8-10  
150 Reykjavík


**Efni: Tillaga til þingsályktunar um lagningu raflína í jörð**

Vísað er í bréf frá Umhverfisnefnd Alþingis, dags. 20. febrúar sl., þar sem óskað er eftir umsögn Umhverfisstofnunar um tillögu til þingsályktunar um lagningu raflína í jörð, 315. mál. Tillagan felur í sér að ríkisstjórn Íslands skipi nefnd er móti stefnu um hvernig leggja megi á næstu árum og áratugum raflínur í jörð sem nú eru ofan jarðar. Nefndina skipi einn fulltrúi frá hverjum eftirtalinna aðila: fjármálaráðuneyti, iðnaðarráðuneyti, umhverfisráðuneyti, Sambandi íslenskra sveitarfélaga, Samorku, náttúruverndarsamtökum, Landsneti, iðnaðarnefnd Alþingis og umhverfisnefnd Alþingis og skili hún Alþingi skýrslu um störf sín.

Raflínur-háspennulínur hafa veruleg neikvæð áhrif á landslag á Íslandi auk þess sem þær eru ekki taldar ákjósanlegar í þéttbýli. Umhverfisstofnun fagnar framlagðri þingsályktunartillögu og telur tímabært að mótuð sé almenn stefna um að leggja sem mest af raflínum í jörð. Mikilvægt er að hugað sé tímanlega að línuleiðum í jörðu t.d. í tengslum við önnur mannvirkjabelti svo sem vegstæði til að draga sem mest úr heildaráhrifum vegna framkvæmda.

Virðingarfyllst

  
Kristín Linda Árnadóttir  
Forstjóri

  
Trausti Baldursson